



19. febrúar 2018  
1802059

Fjármála- og efnahagsráðuneytið  
Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra  
Arnarhvoli  
101 Reykjavík

*Efni:* Svar við bréfi fjármála- og efnahagsráðherra um opinbera birtingu á gögnum er varða undanþágu Kaupþings ehf. frá lögum nr. 87/1992, um gjaldeyrismál.


Vísað er til bréfs fjármála- og efnahagsráðherra, dags. 14. febrúar 2018, þar sem kallað er eftir því að birt verði opinberlega gögn sem lágu til grundvallar undanþágu Seðlabanka Íslands til Kaupþings ehf. frá lögum nr. 87/1992, um gjaldeyrismál, í janúar 2016. Um er að ræða gögn sem tilgreind eru í viðaukum 1-7 við ákvörðun Seðlabankans.

Seðlabankinn telur ekkert því til fyrirstöðu að umrædd gögn verði birt, að því gefnu að Kaupþing ehf. og Kaupskil ehf. samþykki afléttingu trúnaðar vegna þeirra gagna sem um ræðir, sbr. 15. gr. laga nr. 87/1992, um gjaldeyrismál, 35. gr. laga nr. 36/2001, um Seðlabanka Íslands, og m.a. 9. gr. samnings milli Seðlabankans, Kaupþings ehf. og Kaupskila ehf. (*Shareholders' Proceeds Apportionment Agreement*) og 16. gr. samnings milli Seðlabankans og Kaupþings (*Assignment Agreement*), að því marki sem upplýsingar varða aðeins Kaupþing ehf., Kaupskil ehf. og Arion banka hf.

Með vísan til framangreinds hefur Seðlabankinn upplýst Kaupþing ehf. um málið og óskað eftir afstöðu félagsins og Kaupskila ehf. til birtingar gagnanna.

Virðingarfyllst  
SEÐLABANKI ÍSLANDS

  
Már Guðmundsson  
seðlabankastjóri

  
Guðmundur Sigbergsson  
forst.maður eftirlitsdeildar  
gjaldeyriseftirlits